

Úrskurður nr. 8/2005.

Kærður er úrskurður tollstjóra þar sem hann endurákvæðar aðflutningsgjöld af hljómflytningstækjum. Tollstjóri telur að tækin uppfylli ekki skilyrði sem upp eru talin í bréfi ríkistollstjóra sem tæki til nota til flutnings hljóðfæraleiks og söngs. Kærandi gerir kröfu um að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd feldi úrskurð tollstjóra úr gildi.

Með bréfi, dags. 8. júlí 2005, sem barst nefndinni þann 15. s.m., kærir L. f.h. A., úrskurð tollstjóra. Í hinum kærða úrskurði tollstjóra er tollflokkun breytt og aðflutningsgjöld endurákvörðuð af alls 36 sendingum er innihéldu hljómflytningstæki (hátalara og magnara) fluttum inn á árabílinu 2001-2004. Tollstjóri telur að hluti þeirra tækja sem fyrirtækið flutti inn uppfylli ekki skilyrði um tollflokkun á hátölurum og rafmagnsheyrnartíðnimögnum fyrir hljóðfæri og söngkerfi sem sett voru í bréfi ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993. Kærandi krefst þess aðallega að fyrri tollflokkun standi óbreytt.

Í kærinni segir m.a. að innflytjandi flytji inn hljómtæki og "græjur" og reki verslun þar sem eru til sölu, svokallaðar "pro-græjur" fyrir atvinnumarkað. Reynt hafi verið að tollflokka samviskusamlega tæki þessi í tollflokka, eftir því, hvort þau eru ætluð til notkunar í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs, en slík tæki eru undanþegin öðrum gjöldum en QA-gjald 0,15% og virðisaukaskatti.

Kæranda virðist svo að hinn kærði úrskurður tollstjóra byggi alfarið á dreifibréfi ríkistollstjóra sem dagsett er 24. febrúar 1993 og er dreifibréf til sýslumanna og tollstjóra. Kærandi telur að bréf þetta sé ekki hluti af hinni íslensku tollalöggjöf og skilyrði sem séu í því bréfi, séu ekki nefnd sem hluti af skilyrðum í tollalögum fyrir því að vörur séu tollaðar í neðangreinda undanþágutollflokka. Í bréfinu komi fram annars vegar ákveðin tæknileg skilyrði, sem skv. dreifibréfinu, séu ófrávíkjanleg skilyrði til þess að vara flokkist undir tollskrárnúmer 8518.2101, 8518.2201 eða 8518.4001. Í lok dreifibréfsins sé síðan almenn umfjöllun, um það hvernig slík tæki líta almennt út, en ekkert kemur fram í dreifibréfinu, um að tækin þurfi að líta þannig út, til að falla í ofangreinda tollflokka, heldur eingöngu að uppfylla framangreind tæknileg skilyrði.

Kærandi bendir á að honum sé ekki kunnugt um að fram hafi farið vöruskoðun á þessari vöru af hendi tollyfirvalda til að meta hvort tækin falli undir ofangreind tollskrárnúmer heldur sé vísað til þess í úrskurðinum að eftirlitsdeild tollstjóra hafi aflað sér upplýsinga af heimasíðu og úr bæklingi og þá væntanlega frá framleiðendum vörunnar.

Þá kemur fram að með kærinni sé yfirlýsing frá framkvæmdastjóra JBL í Evrópu þar sem staðfest sé hvaða tæki uppfylli þau skilyrði að vera hönnuð til tónlistarflutnings og söngs. Samkvæmt þeirri staðfestingu liggja fyrir að þau tæki sem þar eru nefnd séu ætluð til slíkrar notkunar og uppfylli öll þau tæknilegu skilyrði sem sett séu fram í framangreindu dreifibréfi. Ennfremur liggja fyrir yfirlýsing frá framleiðanda Crown magnara um hið sama. Ekki liggur fyrir staðfesting frá framleiðanda Fostex um að þau tæki uppfylli skilyrði dreifibréfsins, en upplýst er að hennar verði aflað verði eftir því leitað. Ljóst sé að framangreindar vörur uppfylltu öll tæknileg skilyrði.

Kærandi telur að einhverjar óljósar viðmiðanir um hvernig tæki skuli líta út sem settar voru á blað fyrir 12 árum síðan geti vart talist fullnægjandi heimildir til að endurákvæða aðflutningsgjöld. Bæði sé þar um ómálefnalega viðmiðun að ræða, auk þess sem slíkar viðmiðanir breytist mikið á svona löngum tíma. Framþróun á þessum tækjum sé ör og mikil og tækin minnki að umfangi og breytist. Ekkert liggja fyrir um hvernig staðið var að mati á því hvernig tollflokka skyldi tæki þau sem hér séu til umfjöllunar og innflytjandi var ekki viðstaddur þegar sú flokkun var ákvörðuð.

Þá kemur fram í kærinni að innflytjandi fallist á breytingu á tollflokkun á nokkrum tækjum en fer fram á að dráttarvextir verði felldir niður, þar sem um mistök í tollflokkun hafi verið að ræða

og söluverð varanna tekið mið af þeirri flokkun. Þá segir að ef kærandi ætti að standa skil á hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra væru brostnar forsendur fyrir rekstri hjá honum Með vísan til framangreinds er þess því krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að ástæða endurákvörðunar sé að við skoðun hjá eftirlitsdeild tollstjóra hafi verið gerðar athugasemdir við tollflokkun tækja sem flutt voru inn í eftirtöldum sendingum:

F 784 13 06 4 US JFK V648	F 782 04 12 2 US JFK V139
E DET 13 04 4 DK AAR V968	F 521 08 01 4 DE FRA 6162
F 503 08 05 4 NL SPL 6580	E GOD 12 01 4 DK AAR V220
E DET 22 06 4 DK AAR V874	F 315 26 10 2 SE ARN 1390
E DET 06 07 4 DK AAR V153	E DET 07 06 4 DK AAR V485
E GOD 08 04 2 DK AAR V774	E DET 29 04 2 DK AAR V289
E GOD 27 05 3 DK AAR V129	E DET 13 12 2 DK AAR V661
E DET 28 07 3 DK AAR V798	E GOD 10 11 3 DK AAR V750
E GOD 24 11 3 DK AAR V142	E GOD 10 06 3 DK AAR V547
F 782 28 05 3 US JFK V236	F 784 04 05 3 US JFK V663
F 784 02 11 3 US JFK V483	F 782 01 08 3 US JFK V945
F 784 14 12 3 US JFK V661	F 784 23 11 3 US JFK V046
F 785 17 11 2 BE LGG V615	F 787 14 04 2 BE LGG V848
F 784 25 08 2 US JFK V178	F 785 12 10 3 BE LGG V816
F 784 28 10 1 US JFK V015	F 782 03 05 1 US JFK V666
E DET 22 05 1 DK AAR V093	E DET 06 11 1 DK AAR V315
E GOD 30 10 1 DK AAR V135	F 213 06 12 1 DK CPH V103
F 784 04 05 3 US JFK V603	F 784 09 03 3 US JFK V206

Í úrskurði tollstjóra er skilmerkilega tilgreint innihald í ofantöldum sendingum. Fram kemur að í öllum tilfellum sé um innflutning á hljómflytningstækjum að ræða, þ.e. magnarar, hátalarar og búnaður þeim tengdur.

Ríkistollanefnd telur ekki ástæðu til að birta athugasemdir tollstjóra við hverja sendingu en í öllum tilfellum telur tollstjóri að varan uppfylli ekki skilyrði sem sett voru í bréfi ríkistollstjóra til sýslumanna og tollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, um tollflokkun á rafmagnsheyrnartíðnimögnum og hátölurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi en þar segir m.a.: *“Af orðalagi nefndra tollskrárnúmera leiðir, að ófrávíkjanlegt skilyrði er að viðkomandi vörur, magnarar og hátalarar, séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfærалеiks og söngs. Sé því skilyrði ekki fullnægt teljast þær til almennra nota og ber að flokka í önnur tollskrárnúmer.”* Rétt tollflokkun á ofangreindum mögnurum að mati eftirlitsdeildar er 8518.4009 með vísan til túlkunarreglna 1 og 6 við tollskrá, sbr. dreifibréf Ríkistollstjóraembættisins.

Þá vitnar tollstjóri í hinum kærða úrskurði til túlkunarreglu númer 1 í tollskrá en þar segir að fyrirsgagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Þá kemur fram í úrskurðinum að fyrirvarsmönnum fyrirtækisins hafi verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Í svari sem barst frá forsvarsmanni fyrirtækisins segir m.a.: Crown framleiðir eingöngu tæki í atvinnuskyni, þ.e.a.s. til flutnings á lífandi tónlist. Allir sem hafi þekkingu á þessu sviði sjá um leið að þetta séu eingöngu atvinnutæki. Þá er á það bent í svari fyrirtækisins að JBL Professional framleiði eingöngu atvinnutæki og Fostex framleiði einnig eingöngu tæki fyrir hljómlistamenn (Mixera, upptökutæki, monitora). Allir sem hafa einhverja þekkingu á Pro Audio geti borið þess vitni að þetta eru allt framleiðendur sem framleiða eingöngu atvinnutæki en ekki heimilistæki.

Tollstjóri bendir á að mál þetta lýtur ekki sérstaklega að því hvort umrædd tæki séu framleidd í atvinnuskyni eða til heimilisnota heldur sé aðallega verið að líta til þess hvort umrædd tæki séu sérstaklega hönnuð til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi. Innflytjandi hafi tollflokkað vörur í framangreindum sendingum m.a. í tollskrárnúmer 8518.4001 og 8518.2201. Í tollskrárnúmeri

8518.4001 sé kveðið á um *rafmagnsheymartíðnimagnara*,-- *sérstaklega hannaðir til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi*. Í tollskrárnúmeri 8518.2201 sé kveðið á um *hátalara, einnig í hátalaraboxi, -- margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi,---sérstaklega hannaðir til nota við rafmagnsheymartíðnimagnara fyrir hljóðfæri eða söngkerfi*.

Í dreifibréfi Ríkistollstjóraembættisins til sýslumanna og tollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, um tollflokkan á rafmagnsheymartíðnimagnurum og hátölurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi komi eftirfarandi fram: *"Af orðalagi nefndra tollskrárnúmera (8518.2101, 8518.2201 og 8518.4001) leiðir, að ófrávíkjanlegt skilyrði er að viðkomandi vörur, magnarar og hátalarar, séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs. Sé því skilyrði ekki fullnægt teljast þær til almennra nota og ber að flokka í önnur tollskrárnúmer."* Síðan segir í bréfinu: *"Almennt eru magnarar og hátalarar, sem sérstaklega eru hannaðir fyrir hljóðfæri eða söngkerfi, í rammbýggðum boxum með hlífum úr hörðu plasti eða málm á hornum og köntum, auk þess sem á þeim eru almennt handföng til að auðvelda flutning."*

Tollstjóri getur ekki séð, af þeim gögnum sem hann hefur aflað sér um umræddar vörur, m.a. af heimasíðu framleiðanda og bæklingi frá innflytjanda, að magnarar og hátalarar þeir sem hér séu til umfjöllunar og fluttir voru inn í þeim sendingum sem tilgreindar eru hér að ofan, séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að honum hafi borist bréf frá TVG-Zimsen, dags. 5. apríl 2005. Í því bréfi kemur fram að sending E-GOD-22-10-2-SE-GOT-V878 (sem er skipting af sendingarnúmeri E-GOD-22-10-2-GOT-W075) hafi verið skuldfærð sama dag og sendingin átti að koma til landsins. Nokkrum dögum síðar hafi komið í ljós að varan kom ekki með skipinu og þá var ákveðið að hún kæmi með flugi. Fram komi í bréfinu að þar sem um virðisaukaskatt hafi verið að ræða hafi skuldfærð aðflutningsgjöld verið látin standa. Varan hafi síðan komið með sendingu F-315-26-10-2-SE-ARN-1390. Farið er fram á að sökum þessa verði aðeins litið til flugsendingarinnar F-315-26-10-2-SE-ARN 1390 en ekki til skipasendingarinnar E-GOD-22-10-2-SE-GOT-V878 þar sem hún kom ekki til landsins. Samkvæmt gögnum embættisins var skilað ferðauppgjöri til þess varðandi sendingu E-GOD-22-10-2-SE-GOT-W075 þar sem tilgreint var um vöntun á tveimur pöllum. Embættið telur því ljóst að sending E-GOD-22-10-2-SE-GOT-V878 hafi ekki komið til landsins og fellur því frá endurákvörðun á umræddri sendingu. Með bréfi frá TVG-Zimsen, dags. 5. apríl s.l., fylgdi leiðrétt aðflutningsskýrsla fyrir sendingu F-315-26-10-2-SE-ARN-1390 og er sú leiðrétting í samræmi við þær athugasemdir embættisins er fram komu í bréfi þess, dags. 15. mars s.l., og vikið er að hér að framan,

Í ljósi framangreinds telur embættið að endurávarða beri aðflutningsgjöld framan-greindra sendinga að undanskilinni sendingu E-GOD-22-10-2-SE-GOT-V878.

Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar voru afgreiddar með SMT-tollafgreiðslu.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda er sundurgreind á sundurliðunarblaði sem fylgir úrskurði þessum. Vangreidd aðflutningsgjöld kr. 5.329.302,00 eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 5. ágúst 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 30. s.m. eru sendingar upptaldar og málavextir raktir.

Þar kemur m.a. fram að skv. aðflutningsskýrslum hafði innflytjandi tollflokkað sendingar sem innihéldu m.a. magnara í tnr. 8518.4001, hátalara sem tollflokkaðir voru í tnr. 8518.2201, upptökutæki sem tollflokkuð voru í tnr. 8543.9009, tónjafnara sem tollflokkaðir voru í tnr. 8543.8902, hluti í magnara sem tollflokkaðir voru í tnr. 8543.8909 og hljóðnema sem tollflokkaðir voru í tnr. 8543.8902.

Tollstjóri telur rétt að tollflokka magnara í tnr. 8518.4009, hátalara í tnr. 8518.2209 og 8518.2109, upptökutæki í tnr. 8520.9002, tónjafnara í tnr. 8543.8909, hluti í magnara í tnr. 8537.1009 og hljóðnema í tnr. 8518.1000 með vísan til túlkunarreglna 1 og 6 við tollskrá, sbr. dreifibréf ríkistollstjóraembættisins til sýslumanna og tollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, um

tollflokkun á rafmagnsheyrnartíðnimögnum og hátölurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi. Talsverður gjaldamunur er á flestum framangreindum tollskrárnúmerum. Þá var gerð athugasemd við uppruna vöru í nokkrum sendingum og ennfremur vantaði reikning og röng upphæð tilgreind í einu tilfalli. Innflytjandi tollflokkaði vörur í framangreindum sendingum m.a. í tollskrárnúmer 8518.4001 og 8518.2201. Í tollskrárnúmeri 8518.4001 er kveðið á um – *rafmagnsheyrnartíðnimagnara, - - sérstaklega hannaðir til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi.* Í tollskrárnúmeri 8518.2201 er kveðið á um – *hátalara, einnig í hátalaraboxi, - - margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi, - - - sérstaklega hannaðir til nota við rafmagnsheyrnartíðnimagnara fyrir hljóðfæri eða söngkerfi.* Í dreifibréfi Ríkistollstjóraembættisins til sýslumanna og tollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, um tollflokkun á rafmagnsheyrnartíðnimögnum og hátölurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi kemur eftirfarandi fram : *“Af orðalagi nefndra tollskrárnúmera [8518.2101, 8518.2201 og 8518.4001] leiðir, að ófrávikjanlegt skilyrði er að viðkomandi vörur, magnarar og hátalarar, séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að verða notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfærleiks og söngs. Sé því skilyrði ekki fullnægt teljast þær til almennra nota og ber að flokka í önnur tollskrárnúmer.”*

Tollstjórinn í Reykjavík bendir á að mál þetta lýtur ekki sérstaklega að því hvort unnt sé að nota tæki til tónlistarflutnings og söngs heldur er aðallega verið að líta til þess hvort umrædd tæki séu sérstaklega hönnuð til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi. Hátalarar og magnarar sem eru hannaðir til almennra nota, þó svo þeir séu einnig fyrir hljóðfæri og söngkerfi, falla því ekki í þessi númer að mati embættisins heldur tnr. 8518.2109, 8518.2209 og 8518.4009 eftir atvikum.

Þá segir í greinargerðinni að í kærinni haldi kærandi því fram að ljóst sé að þær vörur sem hér um ræði uppfylli öll tæknileg skilyrði fyrir því að falla í umrædda tollflokka. Með kærinni til ríkistollanefndar var yfirlýsing frá JBL Professional Europe, dags. 8. júlí s.l., þar sem framkvæmdastjóri sölusviðs Evrópu staðfestir hvaða tæki uppfylli þau skilyrði að vera hönnuð til tónlistarflutnings og söngs. Einnig var lögð fram staðfesting Crown International, framleiðanda Crown magnara, dags. 11. júlí s.l., um hið sama. Í bréfi JBL Professional Europe segir að þeir staðfesti að hátalarakerfi tilgreind í bréfinu séu hönnuð til tónlistar og talmögnunar við mismunandi aðstæður. Öll kerfin geti notað venjubundin tengi t.d. 6,3 mm jack, Speakon, XLR, og eru annað hvort með festipunktum til varanlegrar staðsetningar á ýmsum stöðum eins og tilbeiðsluhúsum, tónlistarklúbbum, íþróttavöllum, upptökustúdíóum eða þeir eru með handföngum til færanlegra nota. Við skoðun á þeim upplýsingum sem er að finna á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.jblpro.com> kemur í ljós að þeir framleiða hátalara til ýmissa nota, þar á meðal eru nokkrar gerðir hátalara sem þeir kynna til nota við hljóðfæri, Musical instrument loudspeakers. Enginn þeirra hátalara er hér til umfjöllunar.

Eins og fyrr segir eru flestir hátalararnir sem hér um ræðir til margvíslegra nota og geta því ekki talist „sérstaklega hannaðir til nota við rafmagnsheyrnartíðnimagnara fyrir hljóðfæri eða söngkerfi“ að mati tollstjórans í Reykjavík. Fæstir þeirra séu neitt sérstaklega styrktir né heldur eru þeir með handföng til að auðvelda flutning. Að mati tollstjóra er því ekki hægt að fallast á þá fullyrðingu kæranda að tollflokka beri fyrrgreinda hátalara í tollskrárnúmer 8518.2201.

Tollstjóri segir að frá þessu sé þó undantekning sem séu hátalarar af gerðinni EON. Þessir hátalarar séu í sterklegum plastboxum (án sérstakra styrkinga á hornum), þeir eru með handföng til að auðvelda flutning og með XLR tengi fyrir hljóðfæri. Á upplýsingum sem embættið aflaði sér sést að þessi gerð hátalara er aðallega gerð til nota við hljóðfæri og söngkerfi.

Embættið fellst á þann rökstuðning kæranda að eftirfarandi hátalarar falli undir skilgreiningu tollskrárnúmeranna 8518.2101 og 8518.2201 „Sérstaklega hannaðir til nota við rafmagnsheyrnartíðnimagnara fyrir hljóðfæri eða söngkerfi“:

EON 15-G2 (í sendingum E DET 13 04 4 DK AAR V968, E GOD 12 01 4 DK AAR V220, E DET 06 07 4 DK AAR V153, E GOD 08 04 2 DK AAR V774, E DET 23 12 2 DK AAR V661 og E GOD 24 11 3 DK AAR V142). EON15P-1 (í sendingum E GOD 12 01 4 DK AAR V220 og E DET 23 12 2 DK AAR V661). EON 1500 (í sendingu E DET 06 11 1 DK AAR V315).

Hvað varðar tollflokkun á mögnum í fyrrgreindum sendingum, fellst tollstjóri ekki á rökstuðning kæranda. Í bréfi Crown International segir að það sé staðfest að magnarar sem þar eru upp taldir séu hannaðir til nota við lifandi tónlistarflutning. Í meðfylgjandi gögnum, úr vörubæklingi fyrirtækisins, um þessa tilteknu magnara sést að þeir eru hannaðir til almennra nota svo sem eins og í samkomuhúsum, tilbeiðsluhúsum, næturlúbbum, veitingastöðum, íþróttavöllum og kvikmyndahúsum, enda eru sumir þeirra sérstaklega gerðir fyrir víðóma tækni (THX approved amplifiers). Eins og fyrr greinir er ekki nóg að magnarar séu einnig fyrir

hljóðfæri og söngkerfi til þess að flokkast í umrædd tollskrárnúmer. Þeir verða að vera sérstaklega hannaðir til slíkra nota.

Embætti tollstjórans í Reykjavík getur því ekki séð af þeim gögnum sem það hefur aflað sér um umræddar vörur, aðrar en fyrrgreinda EON hátalara, m.a. af heimasíðu framleiðanda og bæklingi frá innflytjanda, að framangreindir magnarar og hátalarar séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs. Í ljósi ofangreinds telur embættið því að fyrrnefndar vörur beri ekki að tollflokka í tollskrárnúmer 8518.2101, 8518.2201 og 8518.4001 með vísan til túlkunarreglna 1 og 6 við tollskrá og sbr. dreifibréf ríkistollstjóraembættisins til sýslumanna og tollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, um tollflokun á rafmagnsheyrnartíðnimögnurum og hátölurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi taki fram í kærubréfinu að óljósar viðmiðanir um það hvernig tæki skuli líta út, í dreifibréfinu, geti ekki talist fullnægjandi heimildir til að endurákvæða aðflutningsgjöld. Í fyrrnefndu dreifibréfi segir varðandi útlit: „*Almennt eru magnarar og hátalarar, sem sérstaklega eru hannaðir fyrir hljóðfæri eða söngkerfi, í rammyggðum boxum með hlífum úr hörðu plasti eða málm á hornum og köntum, auk þess sem á þeim eru almennt handföng til að auðvelda flutning.*” Tollstjóri fellst á það að ekki er skýrt tekið fram í dreifibréfinu að skilyrði um útlit séu fortakslaus til þess að vara flokkist undir tollskrárnúmerin 8518.2101, 8518.2201 eða 8518.4001. Í lok dreifibréfs komi fram að þeir magnarar og hátalarar sem að gerð og útliti líkjast þeim mögnurum og hátölurum sem ætlaðir eru til heimilisnota skuli ekki flokkaðir undir fyrrgreind tollskrárnúmer. Í ljósi þessa þá telur tollstjóri sér það skylt að líta til útlits vöru, auk tæknilegra skilyrða, þegar um tollflokun í fyrrgreind tollskrárnúmer er að ræða.

Hvað varðar þá skoðun kæranda sem fram kemur í kæru hans, um að ekki sé hægt að byggja úrskurð á dreifibréfi, dags. 24. febrúar 1993, sem ekki sé hluti af hinni íslensku tollalöggjöf og því sé ekki hægt að byggja tollflokun á skilyrðum sem þar séu nefnd. Ennfremur að þau skilyrði sem þar komi fram séu ekki nægjanlega skýr til þess að hægt sé að byggja á þeim og að þau séu ómálefnanleg segir tollstjóri í greinargerð sinni að dreifibréfið hafi verið gefið út á grundvelli heimildar ríkistollstjóra skv. 32. gr. tollalaga, sem nú sé niður fallin, til þess að setja tollstjórum framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Leiðbeiningarnar voru gefnar út sem skýra áttu hvað átt væri við með orðalagi tollskrárnúmera 8518.2101, 8518.2201 og 8518.4001; „Sérstaklega hannaðir til nota við rafmagnsheyrnartíðnimagnara fyrir hljóðfæri eða söngkerfi“ og einnig á tollskrárnúmeri 8518.4001 fyrir rafmagnsheyrnartíðnimagnara „Sérstaklega hannaðir til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi“. Um sé að ræða lögskýringargagn til nánari túlkunar tollskrár, en tollskrá hafi lagagildi. Tollstjóri vekur athygli á því að ekkert komi fram í fyrrgreindu dreifibréfi sem fari gegn beinu orðalagi tollskrár, heldur sé það einungis til fyllingar. Tollstjóri bendir á að í úrskurði sínum nr. 5/1998 hafi ríkistollanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þau sjónarmið og leiðbeiningar sem kæmu fram í bréfinu væru skýr, málefnanleg og eðlileg. Tollstjóri telur því að rétt sé að byggja á fyrrnefndu dreifibréfi við tollflokun á m.a. mögnurum og hljóðfærum.

Þá segir að mikilvægt sé að embætti tollstjórans í Reykjavík gæti samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við úrlausn mála, sbr. 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ásamt frekari breytingum. Embættið hafi í úrskurðum sínum um endurákvörðun aðflutningsgjalda byggt á dreifibréfinu. Í ljósi alls þessa telur tollstjóri að byggja eigi á dreifibréfi, dags. 24. febrúar 1993, við skýringu, túlkun og tollflokun í tollskrárnúmer 8518.2101, 8518.2201 eða 8518.4001.

Hvað varðar þá athugasemd kæranda að engin vöruskoðun hafi farið fram til þess að meta hvort umrædd tæki falli undir framangreindar undanþáguheimildir og að ekki hafi í úrskurði verið vísað til upplýsinga af heimasíðu og úr bæklingi segir tollstjóri að vöruskoðun hafi ekki verið við komið þar sem um SMT tollafgreiðslu hafi verið að ræða og varan verið þegar afhent. Því hafi tollstjóri orðið að styðjast við gögn við flokkun varanna, s.s. upplýsingar frá framleiðendum sem nálgast megi á heimasíðum þeirra. Auk þess vill tollstjóri benda á að því hafi ekki verið haldið fram af hálfu kæranda að um aðra vöru sé að ræða en þá sem er að finna í vörubæklingum. Í bæklingum og á heimasíðu sé að finna ítarlega lýsingu á vörunni. Bæði í fyrirhuguðum úrskurði og hinum kærða úrskurði hafi verið tekið fram að tollstjóri hafi aflað sér gagna af heimasíðu framleiðanda og bæklingi frá innflytjanda. Innflytjanda var í fyrirhuguðum úrskurði veitt færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri auk þess að framvísa frekari gögnum og þannig gefinn kostur á að koma nauðsynlegum upplýsingum til embættisins varðandi tollflokun vara í fyrrgreindum sendingum.

Þá er það skoðun tollstjóra að krafa kæranda um niðurfellingu dráttarvaxta sé ekki beint í réttan farveg. Kærandi hafi átt að beina þessari kröfu til fjármálaráðuneytisins, sbr. 102. gr.

tollalaga nr. 55/1987. Til vara gerir embættið þá kröfu að ríkistollanefnd staðfesti úrskurð embættisins að því er varðar álagningu dráttarvaxta vegna vangoldinna aðflutningsgjalda, og hann verði látinn standa. Embættið vill benda á að óhjákvæmilegt er að reikna dráttarvexti af vangreiddum aðflutningsgjöldum frá tollafgreiðsludegi, sbr. 7. mgr. 99. gr., þar sem ekki er um að ræða heimild til niðurfellingar dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum, hvorki í tollalögum né öðrum lögum eða reglum sem varða innheimtu aðflutningsgjalda. Tollstjóri krefst þess með hliðsjón af öllu framansögðu að hinn kærði úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda af fyrrgreindum sendingum verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 1. september 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 27. s.m. segir m.a. að það sem nefnd sé skýring í greinargerð tollstjóra á orðalagi í tollalögum, þ.e. að viðkomandi hlutir skuli "sérstaklega hannaðir til nota fyrir hljóðfæri eða söngkerfi" sé óljós. Innflytjandi hafi talið sig í góðri trú þegar hann tollafgreiddi tækin og allan óskýrleika í lögum eigi að túlka innflytjanda í hag. Viðskiptavinir hans séu allt aðilar sem bjóði upp á lifandi tónlist á stöðum sínum, þótt það sé í bland við annan flutning. Ef það hefði verið markmið laganna að einungis þeir sem bara flytja lifandi tónlist en aldrei aðra ættu að njóta undanþágureglunnar þá hefði það verið eðlilegra að útfæra þessar undanþágureglur með öðrum hætti. Ekki sé það leggjandi á innflytjendur að stýra slíku. Þá er vakin athygli á því að veruleg þróun hafi átt sér stað í framleiðslu á þessum tækjum frá því að bréf Ríkistollstjóra var gefið út. Tækin séu nú mun léttari og ekki sé talin ástæða til að vera með sérstök handföng eða varnir á hornum þeirra.

Kærandi bendir á að allir magnarar sem hér um ræðir séu hannaðir með öllum nauðsynlegum tengjum fyrir tónlistarflutning og hannaðir til að raða saman í svo- kallaðan "rack" sem gerir kleift að tengja saman mörg hljóðfæri og hljómkkerfi. Slíkt sé eingöngu hugsað fyrir lifandi tónlistarflutning en ekki til almennra nota.

Kærandi bendir á að samkeppnisaðilar flytji inn svipuð tæki og umbjóðandi hans, þeir flokki þau á sömu forsendum sem nú sé verið að banna umbjóðanda hans. Skorar hann á ríkistollanefnd að fá yfirlit frá tollstjóra um innflutninginn og bera saman.

Kærandi ítrekar að starfsmenn tollstjóra séu ekki sérfræðingar á þessu sviði og hafi ekki menntunarlegar forsendur til að meta hvort tæki séu sérstaklega hönnuð til nota fyrir hljóðkerfi eða söngkerfi. Rétt sé að benda á yfirlýsingar framleiðanda tækjanna, þar séu sérfróðir aðilar, sem framleiða tækin og staðfesta að þau séu sérstaklega hönnuð með þetta í huga. Því er alfarið mótmælt, að tækin séu hönnuð til almennra nota eins og haldið sé fram í athugasemdum tollstjóra. Almenn notkun gerir ekki sömu kröfur til tækja af þessari gerð og mjög óskynsamlegt væri fyrir framleiðendur að framleiða tæki til "almennra nota" sem hefðu hliðarmöguleika fyrir flutning lifandi tónlistar.

Kærandi ítrekar fyrri kröfur um tollflokkun tækjanna og getur þess að ákvörðun tollstjóra um greiðslu vaxta hafi verið kærð til fjármálaráðuneytisins.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið og kynnt sér gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og leitað sérfræðiaðstoðar um tæki þau sem hér eru til meðferðar. Uppi er ágreiningur um tollflokkun á rafmagnsheymartíðnimögnurum (hér eftir nefndir magnarar) og hátölurum. Tollstjóri telur að magnarar og hátalarar sem innflytjandi flutti inn og tollflokkaði samkvæmt dreifibréfi ríkistollstjóra frá 24. febrúar 1993 uppfylli ekki þau skilyrði sem þar eru upp talin. Þá er í endurákvörðun tollstjóra tollflokkun breytt á tónjafnara og einnig er í nokkrum sendingum um utansvæðisvöru að ræða sem leiddi til breytingar á gjöldum. Kærandi gerir ekki kröfu um að þeirri ákvörðun tollstjóra verði hnekk en krefst þess að úrskurður tollstjóra um flokkun magnara og hátalara verði hnekk.

Í kæru sinni telur kærandi ekki unnt að byggja úrskurð á dreifibréfi, dags. 24. febrúar 1993, þar sem það sé ekki hluti af hinni íslensku tollalöggjöf og því sé ekki hægt að byggja tollflokkun á skilyrðum sem þar séu nefnd.

Dreifibréfið er gefið út af ríkistollstjóra, þar sem honum var skv. 32. gr. þágildandi tollalaga veitt heimild til að setja tollstjórum framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Dreifibréf er gefið út á grundvelli þessarar heimildar. Nefndarmenn taka undir það sem fram kemur í greinargerð tollstjóra að ekkert komi fram í fyrrgreindu dreifibréfi sem fari gegn beinu orðalagi tollskrár (tollalaga), heldur sé það einungis til fyllingar og leiðbeiningar.

Í nefndu dreifibréfi ríkistollstjóra segir :

“Með auglýsingu nr. 114/1992, um breytingu á viðauka við tollalög nr. 55. frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, voru tollar felldir niður af mögnurum og hátólurum, sem sérstaklega eru hannaðir fyrir hljóðfæri eða söngkerfi. Tekin voru upp ný tollskrárnúmer 8518.2101, 8518.2201 og 8518.4001, sbr. a-lið til c-lið 23 tölul. 1. gr. nefndrar auglýsingar. Þar sem nokkrar óvissu virðist hafa gætt í framkvæmd varðandi vörusvið nefndra tollskrárnúmera skal eftirfarandi tekið fram:

Af orðalagi nefndra tollskrárnúmera [] leiðir, að ófrávíkjanlegt skilyrði er að viðkomandi vörur, magnarar og hátalarar, séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að verða notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs. Sé því skilyrði ekki fullnægt teljast þær til almennra nota og ber að flokka í önnur tollskrárnúmer, t.d. 8518.2109, 8518.2209 eða 2518.4001..”

Að því er varðar magnara og hátalara má greina milli tvenns konar vara, sambyggðra og sérbyggðra. Eftirfarandi tæknileg atriði, sem einkennandi eru fyrir tæki þessi, annars vegar sambyggð og hins vegar sérbyggð, skulu skilyrðislaust uppfyllt til þess að vara flokkist undir tollskrárnúmer 8518.2101, 8518.2201 eða 8518.4001.

Sambyggðir magnarar og hátalarar:

Fyrir magnara í slíkum samstæðum á að vera innbyggð af framleiðanda sérstök innstunga, ein eða fleiri, fyrir 6 mm kló (“jack” 6 mm eða ¼ úr tommu) og/eða XLR-tengi fyrir hljóðfæri (gítar, rafmagnsbassa eða hljómborð).

Í þessum samstæðum má ekki vera neins konar annað tæki eins og geislaspilari (CD), segulbandstæki, plötuspilari o.s.frv.

Sérbyggðir magnarar og hátalarar:

I - Magnarar

Á sérbyggðum mögnurum á að vera innbyggð af framleiðanda sérstök innstunga, ein eða fleiri, fyrir 6 mm kló (“jack” 6 mm eða ¼ úr tommu) og/eða XLR-tengi fyrir hljóðfæri og hátalara. Magnarar þessir eru yfirleitt með innbyggðri víftu til kælingar.

II – Hátalarar:

Sérbyggðir hátalarar eiga undantekningarlaust að vera í boxum. Á hátalaraboxunum á að vera innbyggð af framleiðanda sérstök innstunga, ein eða fleiri, fyrir 6 mm kló (“jack” 6 mm eða ¼ úr tommu) og/eða XLR-, SPEACON- eða CANNON- tengi til tengingar við magnara. Í samstæðu af sérbyggðum magnara og sérbyggðum hátólurum má ekki vera neinskonar annað tæki eins og geislaspilari (CD), segulbandstæki, plötuspilari o.s.frv.

Almennt eru magnarar og hátalarar, sem sérstaklega eru hannaðir fyrir hljóðfæri eða söngkerfi, í rammbbyggðum boxum með hlífum úr hörðu plasti eða málmni á hornum og köntum, auk þess sem á þeim eru almennt handföng til að auðvelda flutning.

Magnarar og hátalarar sem uppfylla ekki þau tæknilegu skilyrði sem tilgreind eru hér að framan skulu flokkuð undir tollskrárnúmerin 8518.2109, 8518.2209 eða 8518.4009 nema önnur tollskrárnúmer en í vörulið nr. 8518 komi til álitu. Sama gildir um magnara og hátalara sem að gerð og útliti líkjast þeim mögnurum og hátólurum sem ætlaðir eru til heimilisnota. Með orðasambandinu “til heimilisnota” er í þessu sambandi átt við magnara og hátalara sem af framleiðendum eru hannaðir jafnt til nota á heimilum manna og í verslunum, á hótélum og öðrum slíkum stöðum.”

Í þessu máli hafnar tollstjóri tollflokkan kæranda á þeim forsendum að ekki komi fram í bæklingum og á heimasíðum framleiðanda viðkomandi vöru að þeir magnarar og hátalarar sem verið er að fjalla um séu sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðir í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs.

Ríkistollanefnd er ekki sammála þessari túlkun tollstjóra. Nefndarmenn telja að leggja beri þann skilning í dreifibréf ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, að ef á tækjunum séu þær innstungur og tengimöguleikar sem upp eru taldar í bréfi hans, og ekki séu sambyggð önnur tæki við magnarann/hátalarann, þá séu þau ófrávíkjanlegu skilyrði sem fram koma í nefndu bréfi uppfyllt. Tengingum þeim sem nefndar eru í bréfi ríkistollstjóra má skipta upp í tvo meginflokka. Annars vegar er um að ræða tengi fyrir hljóðfæri og hljóðnema sem ætlað er að flytja rafmerki á rafmagnsheyrnartíðni frá hljóðfærinu eða hljóðnemanum og hins vegar tengi til að flytja hljóðmerki á sömu tíðni en með mun meira afli, frá magnara að hátalara. Svokölluð “jack” tengi “6mm eða ¼” pinnatengi” og svokölluð þriggja pinna “XLR tengi” eru algeng fyrir tengingar hljóðfæra eða hljóðnema við magnara. Þá eru svokölluð “Speacon tengi og/eða Canon tengi” algengar tengingar milli hátalara og magnara. Speacon tengi eru tveggja til átta póla og er þeim yfirleitt læst með snúningi. Þau eru hönnuð til að flytja nægjanlegt afl fyrir hátalara. XLR tengi eru einnig notuð í þessum tilgangi og eru stundum nefnd Canon tengi. Þessi tengi eru nánast undantekningarlaust ekki á hljómtækjum sem ætluð eru til heimilisnota.

Hvað varðar útlit tækjanna sem getið er um í næstsíðustu málsgrein bréfsins telja nefndarmenn það leiðbeinandi atriði. En tæki til nota í atvinnuskyni eru þó almennt sterkbyggðari en tæki til heimilisnota. Þá eru þau oft hönnuð til að festa í staðlaða rekka skv. EIA staðli (rack mount).

Með hliðsjón af þessu hafa nefndarmenn listað upp í sérstöku skjali, sem telst hluti af úrskurði þessum, þær sendingar sem endurákvörðunin tekur til og er þar að finna hvaða tengingar og búnaður er á tækjunum svo og hvort þau uppfylli skilyrði dreifibréfs ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993.

Varðandi kröfu kæranda um niðurfellingu vaxta hefur kærandi á síðari stigum málsins beint þeim hluta kærunnar sem á við um vexti réttilega til fjármálaráðuneytisins skv. 102. gr. tollalaga.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, 1 og 6 almennu túlkunarreglu tollskrár svo og bréfs ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra dags. 26. maí 2005, er felldur úr gildi.